

Fréttir frá starfshópi um hagnýt atriði í rekstri

Við í fjármálahópnum viljum endilega segja frá í stuttu máli hvernig hefur gengið hjá okkur.

Við erum búin að hittast sex sinnum og unnið nokkuð vel saman. Fyrstu þrjú fundirnir fóru mikið í umræðu og hugmynda vinnu. Við vorum fyrst að reyna að átta okkur á verkefninu og skiptast á skoðunum, en þær voru misjafnar til að byrja með. Hlutverk hópsins var að vinna tillögur sem mun tryggja að allir búsetukjarnar og sambýli séu rekin á sömu rekstrarforsendum með sambærilega rekstrarverklagi. Þegar við vorum komin nokkurn vegin að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig við vildum sjá þetta útfært, skiptum við hluta verkefnisins á milli okkar. Annar hópurinn útfærði tillögu um hvernig fjármagnið skuli vera deilt út, ásamt því að koma með tillögu að því hvernig sundurliðun ætti að vera í fjárhagsáætlun. Hinn hópurinn útfærði tillögu um hvernig fyrirkomulagi á heimilissjóði skuli vera útfært og eins komu þeir með tillögur um hvernig fjármál íbúa skuli háttað. Síðan hefur allur hópurinn hist og kynt þessar útfærslur fyrir hvort öðru og endurbætt þær í samráði við alla í hópnum.

Það sem við erum búin að útfæra:

- Fyrirkomulag við innheimtu á tekjum og hvernig utanumhald heimilissjóðs skuli háttað.
- Tillögur um fyrirkomulag innkaupa.
- Tillaga um hvernig fjármunir íbúa skuli verða meðhöndlaðir.

Það sem við erum að klára að útfæra:

- Tillögu að því hvernig fjármagni skal vera deilt út með tilliti til grunnmönnunar og út frá þjónustuþyngd notenda.
- Hvernig sundurliðun fjárhagsáætlunar ætti að vera.
- Tillaga að gátlista við stofnun búsetukjarna.
- Tillaga að innkaupafyrirkomulag.

Það sem við erum eftir að útfæra:

- Tillaga að gátlista við daglegan rekstur.
- Annað sem mikilvægt er til að rekstur og verklag búsetukjarna verði sem virkastur.
- Teikna upp ferla yfir tekjur innheimtu.

Við erum sammála um að við höfum náð vel saman og samstarfið hefur gengið vel. Áætlum að skila af okkur í lok desember eða byrjun janúar á næsta ári.

Hver erum við?

Heiður Margrét Björnsdóttir, fjármáladeild,
Velferðarsvið

Ásta Benediktsdóttir, Velferðarsvið

Hinrik Fjelsteð, Rekstrarstjóri Miðborgar Hlíðar,
Velferðarsvið

Ingunn Árnasóttir, verkefnastjóri, Velferðarsvið

Katrín Sif Stefánsdóttir, fjármáladeild, Velferðarsvið

Margrét Richter, Rekstrarstjóri Miðgarðs,
Velferðarsvið

Unnur Ágústsdóttir, Fjármálastjóri Svæðisskrifstofu
málefni fatlaðra í Reykjavík